



## 2. FUNDUR Á VORÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 24. MARS KL. 11:15

### 1. Bréf til skólaráðs

#### A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Önnur bréf:

Þrír nemendur fá samþykka undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs.

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Skíðaferð nemenda þótti takast vel. NFFG stjórnin sér um að ausa hafragraut þessa vikuna og er mikil eftir eftirspurn og boðið upp á ýmislegt góðgæti út á grautinn. Lög NFFG verða endurskoðuð. Kosning til stjórnar er fyrirhuguð 10.-14. apríl.

### 3. Önnur mál

Í flokkun á rusli viljum stefna á 70 % flokkun og þegar því er náð verður umbun sem ákveðin verður í samráði við nemendur. Nemendur vilja fá meiri fræðslu í tengslum við Græn skref og stungið er upp á Zoom fundi í öllum kennslustofum á sama tíma. NFFG vill staðsetja félagshorn – HORNID - fyrir nemendur í páskafríinu.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir,, fulltrúi NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir, fulltrúi nemendafélagsins